

Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir. Annáll eins skólaárs í heimavistarframhaldsskóla getur orðið óendanlega langur. Hver dagur felur í sér eitthvert atvik sem hægt væri að fjalla um. Slíkt er hinsvegar ekki í boði hér, en í staðinn bendi ég á heimasíðu og facebooksíðu skólans þar sem er að finna fréttir og myndefni sem eiga að varpa ljósi á flest sem frétt næmt má teljast í skólalífinu.

Skólinn var settur 27. ágúst. Haustannarprófum lauk 19. desember, vorönn hófst 5. janúar og reglulegum prófum vorannar lauk 20. maí.

Nemendur við upphaf haustannar voru 142, 76 piltar og 66 stúlkur. Á þessu vori gengust síðan 135 nemendur undir vorannar- og stúdentspróf.

Í dag eru brautskráðir 32 stúdentar, 16 af félagsfræðabraut og 16 af náttúrufræðabraut.

41 starfsmaður lagði sitt af mörkum í skólanum í vetur, 22 við kennslu og skólastjórnun og 19 sem sinntu öðrum störfum.

Eins og vænta má dreif fjölmargt á dagana á þessum vetri, sem aldrei verða gerð full skil á þessum vettvangi. Fastir liðir voru auðvitað á sínum stað. Það komu margir gestir í heimsókn með fyrirlestra og fræðslu af ýmsu tagi, sérstaklega nefni ég Dale Carnegie námskeið sem foreldrafélagið stóð fyrir á vorönn, Kynningardagur var á sínum stað og einnig söngkeppni og aðrar keppnir á vettvangi framhaldsskóla.

Það var óvenju mikið um námsferðir af ýmsu tagi innanlands og utan.

3 starfsmenn fóru á Bett-sýninguna í London í janúar og stjórnendur brugðu sér í hættuför til Króatíu á ráðstefnu Evrópskra skólastjórnenda. Þeir eru þakklátir fyrir að það fór allt vel.

Í október var æfð rýming á heimavistum.

Ný stjórn Mímis tók við í lok janúar undir forystu Margrétar Helgu Steindórsdóttur frá Hrygg 2 í Flóahreppi.

Sjálfsmatsnefnd gerði könnun meðal foreldra sem var samskonar og könnun sem var gerð 2009. Þá var niðurstaðan góð en í flestum þáttum var hún betri nú.

Á heildina litið má segja að þrennt hafi einkennt liðinn vetur umfram annað. Það fyrsta var vinna að skipulagi nýrrar námskrár sem miðar að 3ja ára námi til stúdentsprófs, en skólameistari fjallaði nokkuð um það verkefni hér á undan.

Annar hinna mest áberandi þátta í skólalífinu var uppsetning nemendafélagsins á Litlu hryllingsbúðinni í leikstjórn Hafsteins Þórs Auðunssonar. Eftir frumsýningu í Aratungu var verkið sýnt sjö sinnum víða um Suðurland og á höfuðborgarsvæðinu.

Það þriðja sem litaði veturinn umtalsvert var ferð kórsins til Danmerkur í apríl, en eins og hver maður getur sagt sér þá kallar ferð af því tagi á mikinn undirbúning. Fyrir utan söngæfingarnar, var aflað fjár til ferðarinnar og hún skipulögð út í æsar. Þarna komu margir að og unnu gott starf sem leiddi til ágætrar ferðar. Fyrir utan Eyrúnu Jónasdóttur kórstjóra skulu hér nefnd Anna K. Ásmundsdóttir, sem skipulagði ferðina og var fararstjóri og þau Erla Þorsteinsdóttir húsfreyja og Pálmi Hilmarsson, húsbóndi sem héldu utan um hópinn eins og þeim einum er lagið.

Dimissio hafði sinn stað 8. maí og þar var flest í föstum skorðum, eins og við er að búast.

Þar með læt ég staðar numið þótt margt fleira eigi erindi í þennan annál.

Ég vil þakka samstarfsmönnum og nemendum fyrir ágætt samstarf.

Ágætu verðandi nýstúdentar

Það má segja að þið séuð að byrja 3. þátt í leiksýningunni sem er lífsverk ykkar.

Handritið fyrir framhaldið er misjafnlega langt komið.

Sum ykkar eru klár með næsta þátt í sem stærstum dráttum, aðrir hyggjast leika hann af fingrum fram.

Síðan tekur við hver þátturinn á fætur öðrum, en allir byggja þeir á fyrri þáttum. Endir þessar leikverks er

alltaf eins, en viðtökurnar helgast af öllu því sem gerist þar til tjaldið fellur.

Bestu þakkir fyrir samstarfið, og megi ykkur vegna sem best.